

Sp. 336. Tillaga til þingsályktunar

um heimild handa ríkisstjórninni til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Bergur Jónsson, Sigurður E. Hliðar, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að hlutast til um það, að eigendum hlutabréfa þeirra í Útvegsbanka Íslands, sem keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innlánskírteinainnstæðum þeim, sem inni stóðu í Íslandsbanka þegar hann var lagður niður, verði gefinn kostur á að selja ríkissjóði þessi hlutabréf við hæfilegu verði.

Á s t æ ð u r .

Nauðsyn þykir bera til að gera ráðstafanir til þess, að það fólk, sem á sínum tíma lét af hendi mikinn hluta sparisjóðsfjár síns til viðreisnar banka þeim, sem um ræðir í tillögunni, fái nokkra réttingu mála sinna.

Margt af þessu fólk er nú komið á fullorðins ár og býr nú við mikla dýrtíð, eins og aðrir landsmenn. Er þess vegna full þörf á því, að eitthvað sé losað af því fé, sem það á bundið í hlutabréfum Útvegsbankans. — Nánar í framsögu.